

við frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn, og skal hún þannig skipuð: 3 menn án tilnefningar, einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands og tveir eftir tilnefningu fiskiðnaðarins, þannig að við hverja ákvörðun um verðgrundvöll taki sæti í stjórninni fulltrúar frá þeirri grein fiskiðnaðarins, sem um er rætt hverju sinni. Sjávarútvegsmálaráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs.

2. 3. gr. orðist svo:

Verðjöfnunarsjóði skal skipt í deildir eftir tegundum afurða, og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Við gildistöku þessara laga skal sett á stofn deild fyrir frystar fiskafurðir, en heimilt er síðar að fjölga deildum.

3. 4. gr. orðist svo:

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera fé samkvæmt d-lið 2. gr. laga nr. 79 29. des. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Fénu skal skipt þannig, að stofndeild frýstra fiskafurða fái í hlutfalli við gengishagnað af frystum fiskafurðum, en eftirstöðvar skulu færðar óskiptar í sérreikning hjá sjóðnum til ráðstöfunar og skiptingar á sama hátt við stofnun nýrra deilda.

4. 5. gr. orðist svo:

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að helmingur af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

Greiðsla hluta verðhækkunar samkvæmt þessari grein skal áætluð fyrir fram fyrir ekki lengri tíma en hálf t. ári í senn. Innheimta fer fram við gjaldeyriskil, og skal lokauppgjör fara fram eftir hvert framleiðsluár.

5. 7. gr. orðist svo:

Við upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin, að fenginni staðfestingu sjávarútvegsmálaráðherra, ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkvæmt 5. gr. eða verðlækkun samkvæmt 6. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af niðurstöðum Verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óvenjulegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytingar og annarra hliðstæðra atvika.

6. 8. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, hlutföll afgjalda samkv. 1. málsg. 5. gr. og hlutföll verðbóta samkv. 6. gr. Ákveða má, að þessi hlutföll séu föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðs og heildaraflamagns.

7. 10. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Enn fremur ákveður ráðherra með reglugerð um stofnun nýrra deilda.